

13/2 '75-

STARFSSKÝRSLA ÁGÜSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRÆKT RÍKISINS

HVAMMI ÁRIÐ 1974

S T A R F S S K Ý R S L A

Frá áramótum og fram í maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík. Í Skorradal fór ég öðru hvoru til eftirlits, en flutti í Hvamm í maí og var þar til loka nóvember.

1. Veðurfar.

Eftir kuldana í nóvember og desember á fyrra ári brá til hlýrra veðurfars í janúar. Áfreðar og svellalög voru samt mikil fram eftir vetri. Seinni hluti vetrar og vorið var venju fremur hlýviðrasamt. Ísinn leysti á Skorradalsvatni um miðjan mærs.

Maí var að meðaltali hlýr, en nokkrar síðustu nætur í maí var mikið næturfrost, sem olli nokkrum skaða á plöntum.

Sumarið var með þeim veðursælustu er menn muna, þó meðalhiti hafi verið undir meðallagi. Sérstaklega fór að kólna í ágúst. September var með þeim köldustu um árabíl. Næturfrost gerði þann 27. ágúst og sá þá frostskemdir á kartöflugrasi.

Október og nóvember voru nærri meðallagi hvað hita áhrærir en nóvember var óvenju hægviðrasamur og stillur voru miklar. Í desember skipti um veður og var hann bæði kaldur og stormasamur.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður kom yfirleitt vel undan vetri, nema í gróðursetningum í Bakkakoti en þar sá all mikið á plöntum af vindsviðnun á barrplöntum og kali á birki, sem gróðursett var 1973. Þetta voru birkiplöntur úr gróðurhúsi og hafa sennilega verið of veikbyggðar fyrir veðurfar á ber-svæði.

Laufgun á birki var 2. - 15. maí. Lávaxið birkikjarr var orðið laufgað á köflum um 2. maí en hávaxnara birkið var ekki laufgað fyr en 15. maí.

Lerkið var orðið laufgað 2. maí.

Birkiskógurinn felldi lauf 10. - 18. september.

Telja má að sprettutíð hafi verið nokkuð góð fyrir trjátegundir þó sumarið hafi haft fremur láan meðalhita og grasspretta hafi verið fremur í lakara lagi.

Birki var með óvenju mikla árssprota og var það með fallegasta móti í sumar.

Árssprotar á sitkagreni hafa aldrei verið fallegri og sitkagreni var fallett í sumar nema á stöku stað að verulegar skemmdir voru eftir næturfrostrið síðast í maí. Það var aðallega kal á hliðargreinum, en á stöku stað drap frostið ungar plöntur. Árssprotar á rauðgreni og stafafuru voru nærri meðallagi eða rétt þar undir. Aðeins sá kal á rauðgreni eftir vorfrostrið en það var mun minna en á sitkagreni.

Stafafura slapp alveg við frostskemdir.

Lerkið slapp að mestu við frostskemdir og spratt nokkuð í sumar en það er víða orðið fremur kræklótt eftir frostskemdir fyrri ára.

Fræfall á birki var lítið en dálítið kom af könglum á sitkagreni og rauðgreni. Safnað var nokkru af könglum en hætt er við að spírun verði léleg vegna kulda í september.

3. Starfsfólk.

Á launaskrá komu 20 en 9 voru að jafnaði starfandi yfir sumarið.

Mánaðarlegar launagreiðslur voru, sem hér segir:

Mái	kr.	116.150.-
Júní	-	385.273.-
Júlí	-	340.606.-
Ágúst	-	307.896.-
Sept.	-	109.414.-
Nóv.	-	112.122.-
Des.	-	12.772.-
		<hr/>
Samtals	-	1.384.233.-

Verkefnasundurliðun vinnulauna:

101	Ráðskona	kr.	198.849.-
102	Grisjun	-	18.821.-
103	Gróðursetning	-	351.717.-
104	Hirðing	-	452.509.-
105	Hnausplöntur/jólatré	-	136.950.-
109	Viðhald girðinga	-	79.957.-
110	Vegagerð	-	38.407.-
112	Smölun	-	39.264.-
507	Viðhald bústaða	-	12.993.-
551	Viðhald verkfæra	-	4.766.-
			<hr/>
	Samtals	-	1.384.233.-

4. Girðingar.

Ekkert var unnið að uppsetningu nýrra girðinga, en viðhald girðinga var með svipuðu móti og á undanförunum árum. Útvegað var girðingarefni í 1.5 km til endurgirðingar á hluta af girðingu um Vatnaskóg en K F U M sér um uppsetningu.

Tafla yfir gróðursetningar:

Stálpastaðir:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Stafafura	Skagway	mób.	300	1.11.2	24/6.-2/7.
Sitkagreni	Cordova	2/2	900	1.11.2	24/6. - 2/7.
Svatrgreni	Alberta	2/3	100	1.11.12	24/6.
Fjallapínur	Skagway	2/3	200	1.11.8	28/6.

Selsskógur:

Rauðgreni	Ver.Levanger	2/3	8000	371	28/5. - 5/6.
Rauðgreni	Lev. Verd.	2/3	19800	372	5/6. -26/6.

Stóra-Drageyri:

Sitkagreni	Cordova	2/2	1000	241	16/5.
Stafafura	Skagway	2/2/2	150	241	16/5.
Sitkagreni	Cordova	2/2	5900	242	2. -18/7.
Stafafura	Skagway	mób.	13500	242	2. - 24/7.

Bakkakot:

Stafafura	Skagway	mób.	200	581	16/7.
-----------	---------	------	-----	-----	-------

6. Hirðing.

Grisjað var frá barrplöntum bæði í tímavinnu og ákvæðisvinnu. Í Hvammi var farið um 12 ha af gróðursetningum og á Stálpastöðum 13 ha.

Unnið var við grisjun á lerki '54 á Stálpastöðum. Þar var fellt mikið af lerki skemmdu eftir kal og svepp. Nokkrar rennlur og staura má nýta úr þessari grisjun.

Farið var um allar brautir á Stálpastöðum og hreinsað úr þeim kjarrið. Þar munu vera um 5 km.

Keyptir voru 60 pokar af tilbúnum áburði. Þar af voru 30 pokar af **Kjarna**, 20 pokar af 23.14.9 og 10 pokar af 26.14, N P. Þessu var dreift á um 14 ha af gróðursetningum í Hvammi. Að meðaltali hafa farið rúmmlega 4 pokar á ha.

5. Gróðursetningar.

Unnið var við gróðursetningu á tímabilinu frá 28. maí til 24. júlí. Utan þess tíma gróðursettu konur úr Rotary í Reykjavík á Stóru-Drageyri 16. maí. Gróðursetning stóð nú lengur fram eftir sumri en áður, en það var vegna þess að nú voru að nokkru notaðar móbandsplöntur til gróðursetningar.

Gróðursettar voru samtals 50.050 plöntur.

Gróðursetning skiptist eftir girðingum, sem hér segir:

Stálpastaðir	1.500
Selsskógur	27.800
Stóra-Drageyri	20.550
Bakkakot	200
	<hr/>
Samtals	50.050

Gróðursetning skiptist eftir tegundum, sem hér segir:

Sitkagreni	7.800
Rauðgreni	27.800
Svartgreni	100
Stafafura	14.150
Fjallapínur	200
	<hr/>
Samtals	50.050

Á Stálpastöðum voru gróðursettar plöntur af sitkagreni og stafafuru að nokkru í holur eftir seldar hnausplöntur og einnig í nýjar holur nærri vegi þar sem vel hagar til að taka þar sem hnausplöntur að nokkrum árum liðnum. Þarna voru plönturnar gróðursettar í blöndu af mómold og sauðataði. Í Selsskógi var rauðgrenið gróðursett í fremur rakt skóglendi þar, sem reikna má með að grisjað verði út jólatré síðar meir.

Á Stóru-Drageyri var gróðursett sitkagreni og stafafura í blöndu. Þetta er á bersvæði og hallar móti norðri. Fróðlegt verður að sjá hvernig þarna þrífst í samanburði við gróðursetningar á bersvæði á Stálpastöðum.

7. Vegagerð.

Borið var ofan í braut er liggur upp í Selsskóginn austan til. Lagaður var vegur, er liggur niður að sumarbústað í Hvammi, eftir vetrarskemmdir. Ekið var möl í brautir og þær endurbættar heima við í Hvammi.

8. Byggingar.

Lokið var endurbótum á raflögn í nýjahúsinu í Hvammi og tengd raflögn út í bragga.

Raflögn í gamla húsinu í Hvammi hefur ekki verið endurbætt, en talið er að það svari ekki kostnaði heldur verði að leggja alveg nýja raflögn ef húsið verður ekki rífið.

Í Sarpi var skipt um útihurð í kjallara og á hlöðu og íbúðarhúsið málað að utan, bæði þak og veggir. Í Sarpi var líka gerðar endurbætur á borðum í eldhúsi.

Í Bakkakoti var gert við þak á útugeymslu, sem skemmdist í óveðri í fyrra haust.

Á Stóru-Drageyri fauk gömul hlaða og samið var við nágranna að rífa hana og hirða efnið fyrir vikið.

9. Vélar og verkfæri.

Viðhaldskostnaður á dráttarvél var lítill á árinu og litlu var kostað til véla.

Í eldhús í Hvammi var keypt rafmagnseldavél og hræri-vél. Á skrifstofu var keyptur skjalaskápur.

10. Ýmislegt.

Konur úr Rotary - klúbb í Reykjavík gáfu kr. 100.000.- til gróðursetningar á Stóru-Drageyri. Nokkrar konur úr sama klúbb komu með skógræktarstjóra í Skorradal 16. maí og gróðursettu á Stóru-Drageyri um 1150 plöntur.

Minna var um ferðafólk síðastliðið sumar í Skorradal heldur en á fyrra ári. Það er sennilega vegna þess hve Dragavegur var lengi lokaður á síðastliðnu sumri.

Seldar voru um 425 hnausplöntur, aðallega sitkagreni fyrir kr. 396.000.-

Í desember voru seld um 1650 jólatré. Þar af voru um 1250 rauðgreni og 400 stafafurutré. Þessu til viðbótar var selt um 1.2 tonn af stafafurugreinum. Sala jólatrjáa og greina gerði samtals kr. 1.099.165.-

Nú var í fyrsta sinn tekin jólatré í Hvammshlíðinni úr sérstakri jólatrésrækt, sem gróðursett var árið 1962. Þarna voru felld 316 tré fyrir kr. 165.530.-

Reykjavík í febrúar 1975

Hjúsil Árnason